

# Stofnanasamningur

## Skógræktar Ríkisins og Félags íslenskra náttúrufræðinga (FÍN)

### 1. Gildissvið

Samkomulag þetta er gert á grundvelli 11. gr. kjarasamnings Félags íslenskra náttúrufræðinga og fjármálaráðherra sem gerður var 26.07.2001 með síðari breytingum.

### 2. Markmið

Stefnt skal að eftirfarandi markmiðum á samningstímanum:

- Að launakerfið sé gegnsætt, að jafnræðis sé gætt í launum fyrir sambærileg störf og að það stuðli að því að ákvarðanir um röðun í launaflokka og önnur kjör séu teknar á málefnalegan og faglegan hátt.
- Að launakerfið sé að nokkru tengt mælanlegum afköstum þannig að starfsmenn geti keppt að skilgreindum markmiðum í starfi stofnunar og eigin starfsþróun.
- Að launakerfið geri stofnuninni kleift að ráða til þjónustu hæft starfsfólk í samkeppni við önnur störf sem kunna að vera í boði.
- Að mikilvægur grunnur að launakerfinu verði hæfnistarfsmat.
- Að koma á kjarabótum á grundvelli aukinnar menntunar, ábyrgðar og afkasta.

### 3. Skilgreining starfa

Við röðun starfa í launaflokka skal fyrst og fremst miðað við viðvarandi/stöðugt verksvið. 3 stig samsvara 1 launaflokki.

#### Aðstoðamaður

Nemi með aukaaðild að FÍN, sem lokið hefur að minnsta kosti 60 ECTS einingum til háskólagráðu.

#### Grunnröðun: 9 stig - Launaflokkur 3

Fyrir hverjar 60 ECTS einingar bætist við 1 launaflokkur.

#### Náttúrufræðingur I

Starfsmaður sem vinnur undir leiðsögn sérfræðings / ráðunautar / skógarvarðar / verkefnastjóra að einum eða fleiri verkþáttum. Nemi sem ber ábyrgð á eigin verkefni gagnvart næsta yfirmanni.

Undir þennan flokk falla eftirtalin starfsheiti:

*Aðstoðarsérfræðingur, aðstoðarskógarvörður, meistaranemi (MSc-nemi).*

**Grunnröðun: 15 stig - Launaflokkur 5**

#### Náttúrufræðingur II

Starfsmaður sem vinnur sjálfstætt að verkefnum eða verkþáttum sem hann ber ábyrgð á gagnvart næsta yfirmanni og/eða vinnur við verkefni annarra verkefnistjóra. Endanleg ábyrgð liggur hjá verkefnastjórum eða sviðsstjórum sem eru oftast skrifaðir fyrir verkefnum.

Undir þennan flokk falla eftirtalin starfsheiti:

*Sérfræðingur, nemi í Dr-námi, verkefnastjóri og skógræktarráðunautur.*

**Grunnröðun: 21 stig - Launaflokkur 7**

Handwritten signatures and initials, including "H. O.", "E. Jh.", and other illegible marks.

### Náttúrufræðingur III

Starfsmaður sem stjórnar stærri verkefnum eða mörgum minni verkefnum eða starfsstöð, ber faglega, fjárhagslega og stjórnunarlega ábyrgð á rekstri verkefna/starfsstöðvar gagnvart sviðsstjórum/skógræktarstjóra. Eftirfarandi fellur undir ábyrgðarsvið hans:

- Faglegur framgangur verkefna/starfsstöðvar.
- Almenn stjórnun og skipulagning verkefna/starfsstöðvar.
- Samhæfing einstakra verkþátta verkefna/starfsstöðvar.
- Kostnaðareftirlit og áætlanir verkefna/starfsstöðvar.

Skilgreining: Árleg velta verkefna starfsmanns hærri en 10 milljónir.

Starfsmaður skal alla jafna hafa MSc próf hið minnsta.

Undir þennan flokk falla eftirtalin starfsheiti:

*Sérfræðingur, skógarvörður, verkefnastjóri og skógræktarráðunautur*  
**Grunnröðun: 30 stig - Launaflokkur 10**

### Náttúrufræðingur IV

Starfsmaður sem auk þess að hafa sömu starfsumsvif og ábyrgð og Náttúrufræðingur III fer með tímabundna yfirstjórn og ábyrgð rannsókna/fagmála hjá stofnuninni sem staðgengill rannsóknastjóra eða þróunarstjóra.

Undir þennan flokk falla eftirtalin starfsheiti:

*Staðgengill rannsóknastjóra eða þróunarstjóra*  
**Grunnröðun: 33stig - Launaflokkur 11**

### Náttúrufræðingur V

Starfsmaður með yfirstjórn og ábyrgð rannsókna/fagmála hjá stofnuninni. Starfar að stjórnun, samhæfingu og stefnumörkun rannsókna/fagmála. Er ábyrgur fyrir samskiptum við fyrirtæki, stofnanir og/eða ráðuneyti. Starfsmaður ber ábyrgð á (gagnvart skógræktarstjóra) því starfi sem heyrir undir hann þ.e. faglega-, stjórnunarlega-, og fjárhagslega ábyrgð.

Undir þennan flokk falla eftirtalin starfsheiti:

*Rannsóknastjóri og þróunarstjóri*  
**Grunnröðun: 39 stig - Launaflokkur 13**

## 4. Starfsreynsla

1 ár í starfi hjá stofnuninni eða við sambærileg störf	<b>3 stig,</b> 1 launaflokkur
2 ár í starfi hjá stofnuninni eða við sambærileg störf	<b>3 stig,</b> 1 launaflokkur
5 ár í starfi hjá stofnuninni eða við sambærileg störf	<b>3 stig,</b> 1 launaflokkur
Samanlagt <b>9 stig</b> - 3 launaflokkar að hámarki fyrir starfsreynslu	

## 5. Álögur ofan á grunnlaun

### A. Framhaldsmenntun

Eftir B.S. gráðu skal meta menntun sem hér segir:

B.S. Hon eða sambærilegt	<b>3 stig</b> (1 launaflokkur)
MSc eða sambærilegt	<b>6 stig</b> (2 launaflokkar)
PhD eða sambærilegt	<b>12 stig</b> (4 launaflokkar)

Önnur sí- og endurmenntun er nýtist í starfi skal metin á eftirfarandi hátt:  
Námsvikur (ECTS námseiningar við háskóla):

PH Ob  
BSO f.h.  
A

5 + vikur (10 + einingar)	<b>1 stig</b>
15 vikur (30 einingar)	<b>2 stig</b>
30 vikur (60 einingar)	<b>3 stig</b>

Sí- og endurmenntun getur verið námsdvöl við erlenda háskóla eða rannsóknarstofnanir.

## B. Ytri ábyrgð

Ytri ábyrgð er mælikvarði á þátttöku og vægi utan stofnunar samt sem fulltrúi hennar:

- Þátttaka í nefndarstörfum og vinnuhópum innanlands.
- Þátttaka í innlendu verkefnasamstarfi.
- Þátttaka í erlendu samstarfi, vinnuhópum, verkefnum og nefndum.

Gefin eru **1 stig** fyrir hvern lið a, b, c.

## C. Áhætta

### Eiturefni

Vinni starfsmaður að staðaldri með einhver neðantalinnna efna skal meta það til **1 stigs**:

- Krabbameinsvaldandi efni.
- Geislavirk efni.
- Stökkbreytandi efni.
- Ofnæmisvaldandi efni.
- Lyfjaónæmisvaldandi efni.
- Eitruð efni.
- Lífræn leysiefni og smitefni.

### Hættuleg verkfæri

Vinni starfsmaður að staðaldri með vélsög, kjarrsög og/eða keðjusög skal meta það til **1 stigs**.

Með vinnu er átt við að notkun ofangreindra efna/verkfæra sé það mikil að þörf sé sérstakra öryggisráðstafana til varnar heilsutjóni. Gerð er krafa um að starfsmaður hafi sótt námskeið í notkun slíkra efna/verkfæra, ef slíkt hefur ekki verið hluti af starfsnámi viðkomandi. Starfsmaður sækir um hækkun til yfirmanns.

## D. Persónubundið mat

Einnig skal tekið tillit til einstaklingsbundinna þátta sem meta skal til allt að **21 stigs** eða 7 launaflokka:

- Starfsreynsla og þekking sem nýtist í starfi.
- Viðvarandi góður árangur í starfi.
- Áhugi og frumkvæði í starfi.
- Geta til að sinna störfum á fleiri en einu af verksviðum stofnunarinnar.
- Vilji og geta til að takast á við ný verkefni.
- Samstarfshæfni.

## 6. Afkastahvetjandi þættir og tímabundnar álögur

Til að gera launakerfið afkastahvetjandi og stuðla að sveigjanleika í verkefnum stofnunarinnar hafa aðilar orðið ásáttir um greiðslur til starfsmanna í formi yfirvinnutíma.

Um nánari útfærslu á grein 6 er vísað í fylgiskjal I með samningi þessum sem telst hluti hans.

## 7. Ýmis ákvæði

Hlíðarföt.

Handwritten notes and signatures:

PAI  
 750 OK  
 J. H. A

Stofnunin leggur til vinnusamfestinga, regnföt, hanska, kuldagalla og stígvél, ásamt hlífðarbúnaði vegna vinnu með kjarr- og keðjusagir og önnur hættuleg efni/verkfæri, sem eru í eigu stofnunarinnar. Auk þess styrkir stofnunin þá starfsmenn sem þurfa að ganga mikið um torfært land, til dæmis vegna kortagerðar eða úttekta, til kaupa á gönguskóm og/eða útivistarfatnaði um kr 30.000.- á ári gegn framvísun reiknings til sönnunar kaupunum.

### 8. Réttur til endurmats á röðun

Árlega skal endurskoða starfskjör starfsmanna. Verði breytingar á starfsemi stofnunar, verkefnum hennar og/eða verkefnum einstakra starfsmanna skal gerð nauðsynleg endurskoðun á röðunarreglum samningsins eða eftir atvikum röðun starfsmanns. Endurmat skal fara fram fyrir lok október á fyrsta gildisári samningsins en eftir það í október ár hvert á meðan samningurinn er í gildi.

### 9. Endurskoðunarákvæði og gildistími


Samningur þessi gildir frá 1. janúar 2015 og skal endurskoðaður ef annar aðilinn óskar þess. Nánar um gildistöku einstakra hluta samningsins má sjá í bókun 1 með samningi þessum.

Reykjavík 8. janúar 2015

fh. Skógræktar ríkisins



fh. Félags íslenskra náttúrufræðinga



## Bókanir með samningi þessum

**Bókun 1.** Frá 1. janúar 2015 breytast laun starfsmanna í samræmi við fylgiskjal 2.

**Bókun 2.** Þann 1. september 2015 bætast 3 stig við grunnröðun allra starfsheita og þau hækka um einn launaflokk. Eftir hækkun verður röðun starfsheita eftirfarandi:

Aðstoðamaður Grunnröðun: 12 stig - Launaflokkur 4

Náttúrufræðingur I - Aðstoðarsérfræðingur, aðstoðarskógarvörður, meistaranemi (MSc-nemi) .  
Grunnröðun: 18 stig - Launaflokkur 6

Náttúrufræðingur II - Sérfræðingur, nemi í Dr-námi, verkefnastjóri og skógræktarráðunautur.  
Grunnröðun: 24 stig - Launaflokkur 8

Náttúrufræðingur III - Sérfræðingur, skógarvörður, verkefnastjóri og skógræktarráðunautur  
Grunnröðun: 33 stig - Launaflokkur 11

Náttúrufræðingur IV - Staðgengill rannsóknastjóra eða þróunarstjóra  
Grunnröðun: 36 stig - Launaflokkur 12

Náttúrufræðingur V - Rannsóknastjóri og þróunarstjóri  
Grunnröðun: 42 stig - Launaflokkur 14

PH  
OK  
280  
fh.  
GB

**Fylgiskjal I með stofnanasamningi Skógræktar ríkisins og Félags íslenskra náttúrufræðinga (FÍN), samkvæmt ákvæðum kjarasamnings fjármálaráðherra f.h. ríkissjóðs og FÍN frá 18. mars 2005.**

**Útfærsla á reglum Skógræktar ríkisins vegna skrifa, frágangs verkefna og annarrar kynningar.**

**Forsendur:** Greiðslum vegna skrifa, fyrirlestrahalds og annarrar kynningar er ætlað að stuðla að; a) auknu vinnuframlagi, b) hraðari fullvinnslu gagna og síðast en ekki síst, c) styrkja ímynd stofnunarinnar, enda kynning nauðsynleg forsenda þess að stofnunin njóti álits vegna faglegs starfs og eigi þar með aðgang að innlendum og erlendum sjóðum.

Aðeins er greitt fyrir skriftir, fyrirlestrahald og annarskonar kynningu og fræðslu sem telst á fagsviði stofnunarinnar og tengist á einhvern hátt verkefnum hennar. Höfundur ber að skrifa í nafni stofnunarinnar, komi nafn Skógræktar ríkisins (Iceland Forest Service) eða Rannsóknastöðvar skógræktar, Mógilsá, (Icelandic Forest Research) ekki fram fellur greiðsla niður. Þar sem höfundar eru fleiri en einn er greitt hlutfall af vinnuframlagi hvers og eins. Almenna reglan er sú að miðað sé við skiptingu eins og fram kemur í skrifum fyrir faglega útgáfu. Höfundar innan stofnunar geta komið sér saman um aðra skiptingu og taka það þá fram á vinnuskýrslu.

**Gæði birtinga:** Næsti yfirmaður og skógræktarstjóri skulu samþykkja greiðslu fyrir skrif og kynningu. Ef þeir telja efnið vera langt undir meðaltali í umfangi og gæðum skulu þeir semja við höfund um endurskoðun greiðslna fyrir viðkomandi efni.

*Ekki er gerður greinarmunur á því hvort ritað efni birtist á pappír eða á rafrænu formi ef dreifing þess er sambærileg. Þó telst tengill á heimasíðu þar sem notandi þarf að hafa frumkvæði að finna efnið ekki sambærilegur við rafræna dreifingu með markvissum hætti s.s. formleg útgáfa, áskrift, póstlisti osfrv.*

*Aðeins er greitt fyrir eina birtingu hvernar greinar og gildir þá einu hvar hún birtist.*

**Greiðslutími:** Greiðslu skal inna af hendi þegar handrit hefur verið samþykkt til birtingar og afrit hefur verið sent næsta yfirmanni og skógræktarstjóra til samþykktar.

#### **Fyrirlestrar, veggspjöld og ráðstefnurit**

- Greiða skal 10 yfirvinnustundir fyrir fyrirlestra á alþjóðlegum ráðstefnum hérlendis sem erlendis. Ráðstefna sem haldin er á Íslandi telst alþjóðleg ef tungumál hennar er annað en íslenska.
- Greiða skal 7 yfirvinnustundir fyrir fyrirlestra á innlendum ráðstefnum og fundum.
- Ekki er greidd yfirvinna fyrir fyrirlestra sem starfsmaður fær greitt sérstaklega fyrir af utanaðkomandi aðilum.
- Greiða skal 10 yfirvinnustundir fyrir birtingu greinar í ráðstefnuriti. Greinin þarf að birtast í heild sinni.
- Greiða skal 7 yfirvinnustundir fyrir veggspjöld á ráðstefnum
- Ekki er greitt sérstaklega fyrir samantekt (abstrakta) í ráðstefnuriti.


#### **Skrif í net- og fjölmiðla (dagblöð, vikurit, fréttablöð og sambærilegir rafrænir fjölmiðlar).**

- Greiða skal 3 yfirvinnustundir fyrir fréttatilkynningu til fjölmiðla og frétt á skogur.is.
- Greiða skal 7 yfirvinnustundir fyrir stuttar greinar s.s. í “umræðu” Moggans hálfslúðugrein í Laufblaðinu eða Við skógareigendur eða 2 síður í fréttablöðum skógarbænda.
- Greiða skal 12 yfirvinnustundir fyrir greinar á stærð við hálfslúðugrein, e.o.t.d. í “skoðun” Moggans eða heila síðu í Laufblaðinu, Við skógareigendur eða á Vísindavefnum.
- Greiða skal 25 yfirvinnustundir fyrir greinar á stærð við heilsíðugrein í Mogga eða stærri.
- Ekki er greitt fyrir skrif á vefsíður sem ekki er dreift með markvissum hætti s.s. einkavefsíður.
- Ekki er greitt fyrir skrif á félagsvefmiðla á borð við Facebook eða Researchgate.

#### **Greinarskrif í innlend tímarit (Sumarhúsið og garðurinn, Freyr, Handbók Bænda o.þ.h.)**

*Lýsing: Að lágmarki tveggja síðna grein. Gæðakrafa er sett af ritstjórnunum og ábyrgðaraðilum útgáfu. Þarf ekki að fela í sér nýmæli, tilvitnanir í frumheimildir eða uppbyggingu og efnismeðhöndlun í samræmi við viðurkennda vísindalega aðferðafræði.*

- Greiða skal 20 yfirvinnustundir fyrir hverja grein.



### **Skrif í Ársrit Skógræktar ríkisins**

*Lýsing: Um er að ræða skrif sem geta verið eftir atvikum endursögn af áður útgefnu efni en í samræmi við uppsetningu og venjubundin efnistöð í Ársriti Skógræktar ríkisins.*

- Greiða skal 10 yfirvinnustundir fyrir hverja grein.

### **Skrif í innlenda faglega útgáfu (Skógræktarritið, Rit Mógilsár, Náttúrufræðinginn, Skrína, innlendar bækur, bókakaflar, opinberar skýrslur o.þ.h).**

*Lýsing: Oftast er um að ræða skrif á íslensku með eftir atvikum enskri samantekt. Gæðakrafa sem er sett af ritstjórnnum og ábyrgðaraðilum útgáfu felur að jafnaði í sér að efnið skal vera nýmæli, tilvitnanir skulu vera í frumheimildir og uppbygging og efnismeðhöndlun skal vera í samræmi við viðurkennda vísindalega aðferðafræði. Með opinberum skýrslum er átt við skýrslur sem gefnar eru út og kynntar á innlendum vettvangi af stofnunum og fyrirtækjum og eru öllum opnar til aflestrar.*

- Greiða skal að hámarki 50 yfirvinnustundir. Nánari útfærsla sjá hér að neðan:

Greiða skal 20 stundir fyrir þá auglýsingu sem hver birting er fyrir stofnunina. Þessi tímafjöldi skiptist jafnt á milli séu fleiri en einn höfunda starfsmenn stofnunarinnar. Greiða skal starfsmanni 15 stundir sé hann fyrsti höfundur að greininni. Afgangur heildargreiðslu (15 stundir) deilist jafnt á höfunda og gildir þá einu hvort höfundar eru innanstofnunarmenn eða ekki, höfundar utan stofnunar fá ekki greitt frá Skógrækt ríkisins.

### **Skrif í alþjóðlega/erlenda faglega ritrýnda útgáfu (Icelandic Agricultural Science, erlendar bækur, bókakafla, opinberar alþjóðlegar skýrslur o.þ.h).**

*Lýsing: Um er að ræða skrif á ensku eða annað erlent tungumál. Gæðakrafa sem er sett af ritstjórnnum og ábyrgðaraðilum útgáfu felur að lágmarki í sér að efnið skal vera nýmæli, tilvitnanir skulu vera í frumheimildir og uppbygging og efnismeðhöndlun skal vera í samræmi við viðurkennda vísindalega aðferðafræði. Ritryndar greinar og skýrslur eru að auki lesnar yfir og samþykktar af óháðum ritrynum sem eru valdir af ritstjórnnum og ábyrgðaraðilum útgáfu. Með opinberum alþjóðlegum skýrslum er átt við skýrslur sem gefnar eru út og kynntar á alþjóðlegum vettvangi af stofnunum og fyrirtækjum og eru öllum opnar til aflestrar.*

- Greiða skal að hámarki 70 yfirvinnustundir. Nánari útfærsla sjá hér að neðan

Greiða skal 30 stundir fyrir þá auglýsingu sem hver birting er fyrir stofnunina. Þessi tímafjöldi skiptist jafnt á milli séu fleiri en einn höfunda starfsmenn stofnunarinnar. Greiða skal starfsmanni 20 stundir sé hann fyrsti höfundur að greininni. Afgangur heildargreiðslu 20 stundir deilist jafnt á höfunda og gildir þá einu hvort höfundar eru innanstofnunarmenn eða ekki, höfundar utan stofnunar fá ekki greitt frá Skógrækt ríkisins.

### **Aðrar yfirvinnugreiðslur**

Starfsmaður skal leita til skógræktarstjóra varðandi aðrar yfirvinnugreiðslur og semja um slíkt áður en vinna fer fram. Ekki er heimilt að vinna yfirvinnu sem skógræktarstjóri hefur ekki gefið heimild fyrir.

